



“Lentir þú í árekstri”

Láttu okkur þá laga bílinn.

Frí Tjónaskoðun.



SJÓVÁ

vörður

TM

VÍS



FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989



Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

05. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 8. febrúar 2024

Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30



Krambúðin

Nýjar íbúðir
komnar í sölu!
Eskiás 3, Garðabær



Bókið skoðun

898 6106

KRAFTUR – TRAUST
– ÁRANGUR



TORG
fasteignasala



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

HEILGA & HAPNINGJA



Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Þorrragleði á Álftanesi



Léttleikinn var að sjálfsgöðu í fyrirrúmi hjá gestum á Þorrráði Álftaness

Það var frábær stemning á þorrráði Álftaness sem haldið var sl. laugardag í Íþróttahúsinu á Álftanesi. Uppselt var á blótið og gestir skemmtu sér konunglega.

Það var hinn eini sanni Ari Eldjárn sem skemmti gestum og m.a. steig Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands á svið með honum. Jói í Múlakaffi var að sjálfsgöðu mættur á svæðið með hlaðborð af þorramat sem fór vel í gesti,

en auk þess gátu þeir sem ekki eru mikið fyrir súran mat fengið sér steikur, grænkrásir og vegan-réttur slæddist einnig með. Var þetta ekki annars þorrráði!

Þegar líða fór á kvöldið og miðnætti nágaðist steig hjómsveitin á Mótí Sól á svið með Magna og Ernu Hrönn í sínu besta formi. Stuðið var því nokkuð magnað langt fram eftir nóttu. Sjá framhald á blaðsíðu 10 og 11.



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”

SKÓLATILBOÐ

50% AFSLÁTTUR

AF CHICKENCADO, NICE GUY OG ELVIS

Tilboðið gildir alla virka daga frá 11:00 – 13:00 í janúar og febrúar í Lemon Garðabæ

LEMON

MEIRA NÆSI

30% AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Beta bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Dagur tónlistarskólanna



Bæjarbúar hjartanlega velkomnir í heimsókn í Tónlistarskóla Garðabæjar Fjölbreytt dagskrá verður í Tónlistarskóla Garðabæjar á Degi tónlistarskólanna sem haldinn verður laugardaginn 10. febrúar nk. Þá gefst Garðabæingum kostur á að heimsækja skólann og njóta tónlistar af ólíku tagi.

Markmiðið með Degi tónlistarskólanna er að vekja athygli á fjölbreyttri og öflugri starfsemi tónlistarskólanna í landinu.

Samspil er megin þema á Degi tónlistarskólanna í Tónlistarskóla Garðabæjar og

bera tónleikar dagsins þess glögg merkni. Haldnir verða 14 stuttir tónleikar í tónleikasal og blásarasal skólans þar sem fram koma hljómsveitir, samþilshópar af ýmsum stærðum og gerðum, söngvarar og einleikarar. Tónlistin er að vanda fjölbreytt og skemmtileg.

Tónleikar fyrir hádegi verða kl. 10.30, 11.00 og kl. 11.30 og eftir hádegi kl. 13.00, 13.30, 14.00 og 14.30.

Aðgangur er ókeypis og öll velkomnir

Nánari upplýsingar um tónlistarskólann má finna á tongar.is.

186 hugmyndir bárust í lýðræðisverkefnið Betri Garðabær

Alls bárust 186 hugmyndir í lýðræðisverkefnið Betri Garðabæjar, en hugmyndasöfnuninni lauk sl. sunnudag. Nú verða hugmyndirnar metnar sem bárust af matshópi verkefnisins, sem leggur mat á kostnað við hönnun og framkvæmd. Ákveðnum fjölda hugmynda verður síðan stillt upp og fara þær í rafræna kosningu í maí.

Samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu

Betri Garðabær 2023-2024 er samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Garðabæ. Verkefnið var sett fyrst á laggimar árið 2019 og er þetta í þriðja sinn sem verkefnið fer fram.

100 milljónir í verkefnið

Gert var ráð fyrir 100 milljónum króna til verkefnisins 2023-2024. Garðabær er allur eitt svæði í hugmyndasöfnun og kosningu. Við úrvinnslu hugmynda verður leitast við að tryggja að verkefni sem kosið verður um séu landfræðilega dreifð innan sveitar-



félagsins. Áhersla er lögð á að verkefnið er þróunarverkefni sem verður þróað áfram með íbúum út frá reynslu, ábendingum og þátttöku.

Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði, þátttökulýðræði, þátttökufjárhagsáætlunargerð og að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði.

Framkvæmd verkefna

Verkefni sem verða síðan valin verða

hönnuð, boðin út og framkvæmd frá sumri 2024 og fram á árið 2025 eftir umfangi verkefna. Upplýsingar um stöðu framkvæmda verða aðgengilegar á vef Garðabæjar og verða uppfærðar reglulega. Leitast verður við að hafa samráð við hugmyndasmiði og íbúa um útfærslu verkefna.

Þeim hugmyndum sem ekki ná kosningu verður komið í ákveðinn farveg hjá Garðabæ, t.d. sem ábendingum til fagnafnda eða sem innleggi í skipulagsumræðu.

Sprettur á 6 fulltrúa U-21 landsliðshópnum í hestaíþróttum

Hekla Katharína Kristinsdóttir landsliðsþjálfari U-21 landsliðsins í hestaíþróttum hefur valið fyrsta úrtak í landsliðshóp sinn fyrir starfsárið 2024.

Hópurinn er skipaður 18 knöpum víðsvegar á landinu á aldrinum 16 – 21 árs.

Hestamannafélagið Sprettur sem tilheyrir Garðabæ og Kópavogi á hvorki meira né minna en sex fulltrúa í þessum hópi sem eru eftirfarandi: Elva Rún Jónsdóttir, Guðný Dís Jónsdóttir, Hekla Rán Hannesdóttir, Herdís Björg Jóhannsdóttir, Hulda María Sveinbjörnsdóttir og Sigurður Baldur Ríkharðsson.



Systurnar og Garðabæingarnir Elva Rún og Guðný Dís í U-21 landsliðshópnum í hestaíþróttum

Skemmtun á bókasöfnum

Það var margt brallað á Bókasafni Garðabæjar síðastliðnu helgi. Helgin hófst á með pompi og prakt á Safnanótt þar sem boðið var uppá viðburði fyrir fjölskylduna. Skólakór Sjalandskóla undir stjórn Ólafs Schrams tróð upp við mikinn fögnuð gesta. Ásbjörg Una viðburðastjóri Bókasafns Garðabæjar stýrði bingó með skemmtilegum vinningum sem fengu nýtt heimili í höndum vinningshafa. Una María kenndi áhugasömum krökkum skapandi skrif og að lokum opnaði Hulda Hreindal Sigurðardóttir listasýningu sína sem mun standa út febrúar á Garðatorgi 7.



Fjölmörg áhugasöm heimsóttu Álfnes safn á laugardaginn til að skoða og leika með ljósaborð og segulkubba. Álfnes safn er opið í virkum dögum og fyrsta laugardag í mánuði.

Einnig var Bókasafn Garðabæjar með smiðju fyrir fjölskylduna í Urriðaholtsskóla. Börn og fullorðnir settust niður og útbjuggu bolluvönd enda er bolludagurinn á næsta leiti.

Lúðvík Örn ráðinn nýr sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs

Markmiðið að bæta enn frekar skipulag og starfsumhverfi leikskóla

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar, fimmtudaginn 1. febrúar, var samþykkt tillaga formanns bæjarráðs um að ráða Lúðvík Örn Steinarsson í starf sviðsstjóra fjármála- og stjórnarsýslusviðs. Verkefni sviðs fjármála- og stjórnarsýslu eru erindrekstur stjórnarsýslu, lögfræðisþjónusta, fjármálastjórnun, bókhald og mannaúts- og kjaramál.

Lúðvík Örn hefur lokið kandidatsprófi frá Háskóla Íslands og málfutningsleyfi sem hæstaréttarlögmaður. Lúðvík Örn hefur rekið eigin lögmannsstofu frá árinu 1996.

Hann hefur áratugareynslu af stjórnarstjórnun, hefur gegnt stjórnarformennsku og komið þar m.a. að endurskipulagningu



Lúðvík Örn Steinarsson

stórra fyrirtækja. Hann hefur langa reynslu af samningagerð, lestri ársreikninga og framkvæmd greininga á rekstri.

Sem lögmaður hefur Lúðvík Örn rekið mikinn fjölda dómsmála, stjórnarsýslumál, hann hefur setið í stjórnnum opinberra sjóða, gegnt stjórnarformennsku í stjórn Tryggingasjóðs og sinnt trúnaðarstörfum í nefndum og ráðum fyrir Garðabæ.

Þá hefur Lúðvík Örn reynslu af stefnumótun og innleiðingu stefnu úr störfum sínum sem framkvæmdastjóri lögmannsstofu og sem stjórnarmaður.

Lúðvík mun hefjast störf hjá Garðabæ með vorinu.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfðán
898 5765



Ólöf
898 3075




Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is



GARÐABÆR




Betni



GARÐABÆR

Takk fyrir allar hugmyndirnar

Við kjósum um þær í vor!



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út 15. eða 22. febrúar

Síðasti skiladagur föstudaginn 9. febrúar
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Garðabæ

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Instagram.com/Gardaposturinn

Einsdæmi í Íslenskri verslunarsögu

- **IKEA lækkar vöruverð á sex þúsund vörum í verslun sinni í Kaupþúni**
- **Nýtt vöruhús IKEA í Kaupþúni opnar á vormánuðum**

Eins og fram kom á vefsíðu IKEA síðustu viku þá lækkaði verslunin vöruverð á sex þúsund vörum í verslun sinni í Kaupþúni Garðabæ sl. Fimmtudag. Um algjört einsdæmi er að ræða í íslenskri verslunarsögu að eitt og sama fyrirtækið lækki verðið á alls sex þúsund vörum.

Verðlækkningar eru kynntar í verslun IKEA og á vefsíðu fyrirtækisins sem Nýtt lægra verð. Þar segir líka að verðlækkunin sé ekki tímabundið tilboð og þá munu engar vörur hækka í verði á móti, en lækkunin er framhald á þróun sem hófst í lok seinasta árs.

Um er að ræða 6% lækkun að meðaltali og verður vöruverðið fest til ársloka og var formaður Starfsgreinasambandsins Vilhjálmur Birgisson, ekki lengi að tjá sig um þessa lækkun hjá IKEA í síðustu viku, en sambandið er nú í kjaraviðræðum við fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og eitt helsta áherslumál þeirra að ná niður verðbólgu og vöxtum. „Verðlækkun IKEA sem gildir út árið er jákvætt innlegg í baráttunni gegn verðbólgunni. Umfang IKEA í verslun á Íslandi er mjög mikið og ekki útilokað að þessi mikla verðlækkun hafi áhrif á neysluvísitöluna og þar með verðbólguna,“ sagði Vilhjálmur við fjölmiðla í síðustu viku.

Helsta áhættan liggur í óvissu vegna gengisþróunar

En hvað segir Stefán R. Dagsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi, hvernig kom þetta til og hvernig getur verslunin lækkað vöruverð á sex þúsund vörum í þessari miklu verðbólgu? „Nýlegir samningar við birgja þýða að við gátum lækkað verð á yfir 6.000 vörum en heildarvörunúmerafjöldi hjá IKEA á Íslandi er um 9.500. Ákvörðun okkar var að láta viðskiptavinum njóta þessarar lækkunar, um 6% að meðaltali í heildina. Helsta áhættan hjá okkur liggur í óvissu vegna gengisþróunar en við höfum trú á að gengi verði nokkuð stöðugt á næstunni,“ segir hann og bætir því við að engar vörur munu hækka hjá IKEA út þetta ár.

Erum ákaflega stolt af því að geta tekið þetta skref

Má ekki segja að þetta sé einsdæmi í íslenskri verslunarsögu? „Við erum afar stolt af því að geta tekið þetta skref núna þegar aðstæður í efnahagsmálum eru viðkvæmar. Við fundum sterkt fyrir því innan fyrirtækisins þegar lækkunin var tilkynnt, að starfsfólk er ánæggt og stolt.“

Ög var hugmyndin einnig með þessum lækkunum að fyrirtækið legði sitt af mörkum til að hjálpa við að ná niður verðbólgu og háum vöxtum á Íslandi? „Já, þetta er okkar framlag til þess. Verkalýðsforystan hefur kallað eftir því að fyrirtæki leggðu sitt af mörkum og nú höfum við stigið okkar skref,“ segir Stefán.

Trúum að þetta hafi áhrif og vonandi fylgja fleiri í kjölfarið

Þið lofið að nýja lága verðið muni halda sér til áramóta. Þið óttist kannski helstu gengisþróunina, en svo gæti verðbólgan einnig hækkað á næstu misserum eða hefur það engin áhrif á ykkur? „Það veit enginn nákvæmlega hvernig hlutirnir þróast, en þetta er okkar útspil til að vinna gegn verðbólgu. Við trúum því að þetta hafi áhrif og vonandi fylgja fleiri í kjölfarið á sama eða svipaðan hátt.“



Stefán í nýja vöruhúsi IKEA sem verður tekið í notkun á næstunni

Hagur allra að verbólga lækki

Reiknið þið með að þessar lækkunar muni hafa mikil áhrif á rekstramiðurstöðu IKEA fyrir árið 2024, eruð þið að færa ákveðnar fórnir til greiða fyrir því að verbólga lækki og að SA og verkalyðshreyfingin nái saman á skynsamlegum nótum? „Við reiknum með svipuðum niðurstöðum og áætlanir gerðu ráð fyrir. Það er hagur allra að verbólga lækki og það er einnig hagur allra að samningar náist og þeir verði á skynsamlegum nótum,“ segir hann.

Þetta framtak ykkar eru frábærar fréttir fyrir alla landsmenn og það er greinilega mikil ánægja með þessa ákvörðun ykkar. Það er þó margt annað í gangi hjá ykkur um þessar mundir, en rétt rúmt ár er liðið síðan framkvæmdir hófust við stækkun vöruhússins við Kaupþún. Hvar stendur verkefnið í dag og hvernig hafa framkvæmdir gengið?

„Vöruhúsið sjálf verður tilbúið til notkunar á næstu vikum (lagerinn). Við tökum svo næstu hluta í notkun hvern af öðrum næstu 8 mánuði. Þá verður allt tilbúið til að taka við þeirri starfsemi sem hvert svæði á að sinna,“ segir Stefán og bætir því við að framkvæmdir hafi gengið vel og það sé ótrúlega gefandi að sjá húsið verða að veruleika.



Nýja vöruhúsið (lagerinn) verður tilbúinn á næstu vikum

Að stærstum hluta nýtt vöruhús

Þetta er stór framkvæmd, en þið eruð að stækka núverandi húsnæði um rúmlega þriðjung, fer úr 22.500 fermetrum í 35.000 fermetra. Hvað mun nýja byggingin hýsa og verður einhver breyting á núverandi verslun? „Nýbyggingin er að stærstum hluta nýtt vöruhús sem gerir okkur mögulegt að loka lagerum í Suðurhrauni 10 og Kaupþúni 3. Með nýju húsi fáum við líka stórbætta aðstöðu fyrir heimsendingar, Smelltu og sæktu þjónustuna og betra rými til að sinna sendingum fyrir landsbyggð-

ina. Þar að auki eru skrifstofur og önnur aðstaða fyrir starfsfólk.“

Skoðum stöðugt nýja möguleika og fjölbreyttara vöruúrval

Eins og þú nefnir bjóðið þið upp á 9500 vörur – mun vöruúrvalið eitthvað aukast og einhverjar nýjungar að detta inn hjá ykkur? „Heildarvöruúrval IKEA er rúmlega 10.000 númer. Við skoðum stöðugt nýja möguleika og fjölbreyttara vöruúrval, sem við gerum áfram og höfum eftir breytingamar meiri möguleika á því.“

Áætluð verklok í október 2024

Hvenær á svo framkvæmdum að ljúka og eru menn spenntir fyrir stækkuninni? „Allt fyrirtækið bíður spennt, við hlökkum öll til að hefja starfsemi í nýju byggingunni. Áætluð verklok eru í október 2024 svo það stytist í þetta með hverjum deginum og verður fljótur að liða en menn halda.“

2,4 milljónir gesta í fyrria

Eins og Vilhjálmur Birgisson sagði í síðustu viku þá er umfang IKEA í verslun á Íslandi mjög mikið og ekki útilokað að þessi mikla verðlækkun hafi áhrif á neysluvísitöluna og þar með verðbólguna. Hvað eruð þið að fá marga gesti til ykkar á hverju ári og hvað er það sem gerir IKEA að svona vinsælli verslun?

„Við fengum til okkar 2,4 milljónir gesta í fyrria. IKEA er verslun fyrir alla fjölskylduna og við gerum okkar besta til að hver heimsókn sé sem ánægjulegust. Við bjóðum upp á breitt vöruúrval fyrir alla aldershópa, góða vöru á góðu verði. Allir geta fundið eitthvað sem hentar þeirra heimili. Svo má ekki gleyma veitingasviðinu þar sem við bjóðum upp á góðan mat á mjög sanngjömu verði. Bakarið hefur líka sannað sig, það er mjög vinsælt og fastur viðkomustaður hjá mörgum,“ segir Stefán að lokum.

Laugardagsfundur 10. febrúar

Bryndís Haraldsdóttir

Gestur okkar þann 10. febrúar næstkomandi verður Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður og formaður allsherjar- og menntamálanefndar.

Bryndís hefur setið á þingi frá 2016 en var áður öflug í sveitastjórnarmálunum. Hún hefur setið í ýmsum nefndum þingsins og hefur því víðtæka reynslu af fjölda málaflokka.

Bryndís kemur til okkar 10. febrúar kl. 11:00. Heitt á könnunni og allir velkomnir.



Fleiri viðburðir fram undan:



27. febrúar kl. 18:00:

Þriðjudagsfundur með fulltrúum úr hópi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.



9. mars kl. 11:00

Fjölskyldubingó með Einari Bárðar og bæjarfulltrúum!



23. mars kl. 11:00: Páskaeggjaleit

Hin árlega páskaeggjaleit Sjálfstæðisfélagsins fer fram á Garðatorgi 7. Nóg af eggjum og allir velkomnir!



2. apríl kl. 18:00:

Þriðjudagsfundur með fulltrúum úr hópi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.

Allir fundirnir fara fram í Sjálfstæðisheimilinu að Garðatorgi 7.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Sjálfstæðisfélag Garðabæjar

D

Brúum bilið milli skólastiga

Leikskóladeild Sjálandsskóla tók til starfa 15. ágúst sl. og samstarf skólastiganna hefur gengið afskaplega vel. Miklar breytingar eiga sér stað þegar barn fer úr leikskóla og yfir í grunnskóla. Rannsóknir hafa sýnt að börn aðlagast grunnskólanum fyrr ef þau þekkja aðstöðu og skólaumhverfið, jafnvel enn betur ef þau eiga vini í grunnskólanum. Því er mikilvægt að börn, sem eru að byrja í grunnskóla, fái að kynna grunnskólanum (skólanum) og hitta börn og jafnvel vinna verkefni með grunnskólabörnum. Með því að börn fái að kynna umhverfinu verða þau öruggari og stuðlar það að auðveldari flutningi þeirra á milli skólastiga.



Strax í upphafi var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi gildi í leikskóladeildinni: ábyrgð, framsýni, virðing, samvinnu og jafnvægi.

Unnið er mikið eftir verkefnahefti Vöndu Sigurgeirsdóttur Allir vinir sem er forvarnarkerfni gegn einelti. Við erum með „Lubbastundir“ einu sinni í viku, stærðfræðiverkefni, markvissa málörvun, jóga og vinastundir. Við höfum einnig verið svo heppin að fá að taka þátt í útínámi með Sjálandsskóla sem hefur vakið mikla lukku meðal barnanna. Við erum einnig dugleg að fara á söfn og í leikhús og með hækkandi sól langar okkur vera enn duglegri að fara í lengri vettvangsferðir með börnin.

Starfið á leikskóladeildinni samvinnast markvisst við grunnskólann og taka börnin virkan þátt í starfi grunnskólans. Við förum í samsöng á hverjum morgni með skólanum, við borðum hádegismat með þeim og nýtum okkur bókasafnið. Einu sinni í viku við förum í sund þar sem sundkennari yngsta stigs kennir börnunum sundtökin.

Við höfum fengið að taka þátt í myndmennt, tónmennt og smíði í Brúum Bilið verkefni okkar, ásamt því að börnin í 5 ára deildinni og börnin í 1. bekk hafa haldið Hrekkjavöku og jólaball saman. Við fengum að vera með í lestrarátakinu þeirra í haust og stefnum á að vera með á þessari önn líka. Einnig höfum við verið í samstarfi með frístundinni og fengið að vinna skemmtileg verkefni með þeim ásamt því að vera með í bíðum, dans leikjum, tekið þátt í íþróttum saman ásamt ýmsu fleira.

Allt þetta hjálpar til við að kynna þvi hvernig er að vera í grunnskóla. Börnin þekkja samnemendur, kennara og annað starfsfólk skólans sem stuðlar að auðveldari færslu milli skólastiga. Þetta væri ekki hægt nema í góðu samstarfi milli stjórnenda í leikskóladeild, grunnskóla og frístundar sem hafa boðið okkur velkomin í skólann sinn og aðstoðað okkur á allan mögulegan hátt.

Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi Garðabæjar

Framtíð leikskólanna í nýju ljósi

•Breytingar og þakklæti

Í tilefni af Degi leikskólanna, sem haldinn er hátíðlegur 6. febrúar, vil ég, Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ og formaður leikskólanefndar, ræða um spennandi breytingar sem eru á næsta leiti og þakka leikskólastarfsfólki fyrir þeirra ómetanlega framlag til samfélagsins.

Nú standa yfir mikilvægar breytingar í rekstri og stjórnun leikskólanna í Garðabæ. Þær voru samþykktar í bæjarstjórn þann 16.11.2023 og eru þær liður í því að styrkja innviði leikskólanna og bæta starfsumhverfið. Breytingarnar eru afrakstur ítarlegrar vinnu og samráðs við hagsmunaaðila. Markmið þeirra er að hafa jákvæð áhrif á daglegt líf og starfsemi leikskólanna.

Eitt af markmiðum þessarar vegferðar er að laða að og halda í hæfileikaríkt starfsfólk. Við vitum að gæði leikskólans endurspeglast í gæðum kennaranna og annars starfsfólks. Því er mikilvægt að skapa umhverfi þar sem starfsfólkið finnur fyrir virðingu, stuðningi og möguleikum til faglegs vaxtar.

Á þessum tímamótum vil ég einnig færa starfsfólki leikskólanna sérstakar þakkir. Ykkar óeigingjarna vinna, árangur og helgun við menntun og umönnun yngstu kynslóðarinnar er ekki aðeins mikilvæg fyrir þau sjálf og fjölskyldur þeirra, heldur einnig fyrir samfélagið allt. Ykkar starf er grundvöllur að öflugu og heilbrigðu samfélagi.



Margrét Bjarnadóttir

Dagur leikskólanna er ekki aðeins tækifæri til að fagna þessari mikilvægu starfsemi, heldur einnig til að endurskoða og endurnýja okkar skuldbindingu við framtíðina. Með þessum nýju breytingum stígum við skref í rétta átt, en við megum ekki gleyma að framtíð leikskólanna er í höndum hvers og eins okkar.

Ég hvet alla íbúa Garðabæjar til að taka þátt í þessum mikilvæga degi, heimsækja leikskólana, kynna starfinu og styðja við þá frábæru vinnu sem þar fer fram. Saman getum við tryggt að leikskólar í Garðabæ verði áfram staðir vaxtar, þroska og gleði fyrir komandi kynslóðir.

Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi og formaður leikskólanefndar

Leikskóladeildin er tilraunaverkefni staðsett í sama húsnæði og Sjálandsskóli og veitir það góð tækifæri til að brúa bilið á milli skólastiga. Gerðar eru aðrar kröfur til barna í grunnskólum en leikskólum. Bæði er byggingin mun stærri, engar girðingar á leiksvæði, dagskipulagið öðruvísi og starfið innan veggja deildarinnar misjafnt eftir dögum.



Glæsilegar og vel útbúnaðar útsýnisíbúðir í Silfursmára

Nú eru fyrstu íbúar að flytja inn í Silfursmára 2, nýja 14 hæða íbúðabyggingu með 73 íbúðum í Smáranum í Kópavogi. Í Silfursmári 2 er gengið lengra en í öðrum áföngum verkefnis hvað varðar gæði og þægindi.

Í húsinu eru fjölbreyttar stærðir íbúða, frá um 70 fermetrum og upp í tæplega 200 fermetra íbúð á efstu hæð. Stæði í vel búnum bílakjallara fylgja flestum íbúðum en 2 stæði fylgja hluta íbúða. Verð íbúða er frá um 62 millj.kr.

Unnið er að því að ljúka síðasta hluta íbúðaverkefnisins 201 Smára með byggingu 53 íbúða við Sunnsmára 10-14 sem verða afhentar í vor og næsta haust en þá lýkur íbúðahluta þessu umfangsmikla verkefni sem hófst árið 2017. Samtals verða tæplega 700 íbúðir í hverfinu þegar það verður fullbyggt.

Lúxusíbúðir í Silfursmára 2 með framúrskarandi hönnun og miklu útsýni

Mikið er lagt í útsýnisíbúðirnar í Silfursmára 2, bæði hvað varðar hönnun og útfærslu. Byggingin sker sig úr hvað varðar uppbot og klæðningar og mikill metnaður lagður í alla hönnun. Íbúðir eru búnar vélrænni loftræstingu, vatnsúðakerfi, steinplötum í eldhúsi og baði og mikið lagt upp úr innréttingum og skáparými. Það eru vinkælar í ákveðnum íbúðum, mjög vönduð heimilistæki, innfelld sturtutæki og íbúðir afhentar fullbúnað með öllum gólfefnum og tækjum. Jafnframt er gólfhiti í efri hluta byggingar. Mikið er lagt upp úr sameign í Silfursmára 2, bæði eru anddyri glæsilega útbúin og sameignargangar með niður teknum hljóðloftum. Aukin loft-



hæð og hærri innihurðar eru í íbúðum og enn meiri lofthæð og niður tekin loft með innfelldri lýsingu eru síðan á efstu tveimur hæðunum.

Öll þjónusta í göngufjarlægð Staðsetning íbúðanna einstök hvað varðar þjónustu í nágrenni og tengingu við stofnbrautir upp á samgöngur og umferð.

Í þessu borgarhverfi sem mótast hefur á síðustu árin þá er öll helsta þjónusta í göngufæri og fjölbreytt úrval t.d. veitingastaða, verslana og afþreyingar. Stutt er í Kópavogsdal og útivistar- og íþróttasvæðið þar, og stutt í leikskóla og skóla.

Góðar viðtökur

Sala hefur gengið vel að undanförmu og mikið verið um að vera. Nú hefur verið innréttuð glæsileg sýningaríbúð og útlit byggingar komið í ljós þegar vinnupallar hafa verið teknir niður.

Allar nánari upplýsingar um verkefnið eru á síðunni www.201.is

Húsmæðraorlof 2024 Gullbringu- og Kjósarsýslu

Orlofsnefnd húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir sveitarfélögin Garðabæ, Kjósarhrepp, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes auglýsir hér með orlofsferðir fyrir árið 2024.

17. - 25. maí 2024 9 daga ferð/ 8 nætur **Stuttur umsóknarfrestur**

Rinarsigling um helstu perlu Norður Þýskalands, Hollands og Belgíu

17. ágúst 2024 **Dagsferð til Vestmannaeyja**

5. - 12. október 2024 8 dagar/ 7 nætur

Glæsileg ferð um Andalúsíu á Spáni

28. nóvember – 2. desember 2024 5 dagar/ 4 nætur

Aðventuferð til Heidelberg og Rothenburg ob der Tauber

Rétt til að sækja um orlofsferð hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Upplýsingar um ferðirnar og skráning er á vefsíðunni www.orlofgk.is einnig er hægt að senda tölvupóst á orlofgk@gmail.com





HALLÓ FEBRÚÁR!



98
kr/stk
áður
169 kr

Stratos Bar Salty Caramel
37g



269
kr/stk
áður
449 kr

Monster Mango Loco
500 ml



299
kr/stk
áður
429 kr

Fanta Orange
Án sykurs
500 ml



799
kr/pk

TGIF
Mozzarella, dippers & skins



999
kr/pk

Almondly
4 teg.



199
kr/stk
áður
249 kr

Carlsberg
0,0%
330 ml



719
kr/stk
áður
899 kr

Goodfellas Deep Pan
Meat Fest & Cheesy




495
kr/pk
áður
669 kr

Haribo
Share the Happy Party Minis
176g



299
kr/stk
áður
499 kr

Stórt Rís
50g



699
kr/pk
áður
949 kr

Nói Lakkrís
Bland í poka - 400g



299
kr/pk

Haribo
Hlaup



369
kr/stk
áður
529 kr

Fulfil
Allart tegundir
55g

Farsælt samstarf Hjallastefnunnar og Garðabæjar

Árið 2024, 23 árum eftir að Hjallastefnan tók við rekstri Ása í Garðabæ eru Hjallastefnuskólar í sveitarfélaginu orðnir fjórir og nemendur vel á fjórða hundradíð, eða 385. Skömmu fyrir aldamótin síðustu gerði Hjallastefnan samning við Hafnarfjarðarbæ um að taka við rekstri leikskólans Hjalla við Hjallabraut, eða árið 1999. Ekki löngu síðar, eða árið 2001, var blað brotið í sögu íslenskra leikskóla þegar Garðabær bauð út rekstur á nýjum leikskóla við Bergása.

Hjallastefnan hefur starfsemi í Garðabæ

Með reynsluna frá Hafnarfirði í farteskinu ákváðu Hjallastefnukonur að taka þátt í útboðinu og var tilboði þeirra tekið. Þær voru einu fagaðilarnir í leikskólastarfi úr hópi margra þátttakenda og byggðu útboðsgögn sín á þeirri þekkingu sem orðið hafði til á leikskólanum Hjalla. Þátttakan í útboðinu var þannig kvennapólitísk aðgerð þar sem að starfsfólk Hjalla trúði því



að þau væri síst verr til þess fallin að taka sjálf við keflinu en að starfa í umboði annarra. Hjallastefnan tók við leikskólanum Ásum og innleiðing Hjallastefnunnar gekk vel, foreldrar og börn voru himinlifandi með fjölbreytni í leikskólalámum í sveitarfélaginu.

Horft til yngsta stigs grunnskóla

Samstarf Garðabæjar og Hjallastefnunnar var farsælt og ekki leið á löngu áður en að hugmyndin um að stefnan héldi áfram upp á yngstu stig grunnskóla, voru það sér í lagi foreldrar sem töluðu fyrir þeirri nýbreytni þar sem þau töldu stefnuna henta sínum börnum sérstaklega vel. Hófst þá sameiginleg vegferð sveitarfélagsins og Hjallastefnunnar, leit að heppilegu húsnæði. Umfangsmikil leit tók við en fýsilegt húsnæði fannst ekki í fyrstu atrennum. Eins varð það til þess að flækja mál að engin löggjöf var fyrir hendi um fjármögnun

grunnskólastarfs, einu sjálfstæðu grunnskólar landsins á þeim tíma voru í Reykjavík.

Barnaskóli hefur starfsemi árið 2003

Stjórnvöld í Garðabæ tóku þá afstöðu að sama leið og farin hafði verið með leikskólann gæti gengið, það er að segja að grunnskólinn yrði starfræktur í húsnæði á vegum Garðabæjar og sama fjármagni yrði úthlutað til rekstursins eins og til annarra skóla í sveitarfélaginu. Þetta var stórt skref fyrir sjálfstætt starfandi skóla og skólaval barnafjölskyldna og þegar heppilegt húsnæði fannst við Vífilstaði raungerðist þetta samkomulag, fyrsti Barnaskóli Hjallastefnunnar var settur á laggimmar sumarið 2003.

Fyrst um sinn voru nemendur um 40 en ekki leið á löngu þar til að aðsóknin var



Bóas Hallgrímsson

orðin meiri og leiða leitað til þess að mæta þeirri eftirspurn sem skólafélagið hafði skapað í Garðabæ. Fulltrúar sveitarfélagsins og Hjallastefnunnar héldu áfram að leita leiða til þess að mæti húsnæðisþurft skólasamfélagsins og Garðabær lagði til tvær færarlegar kennslustofur og Hjallastefnan tvær árið 2007.

Sagan heldur áfram

Eins og von er og vísa meðal barna þá urðu þau eldri og foreldrar barna í Barnaskólanum óskuðu einlæglega eftir því að Hjallastefnan færði sig upp á miðstig grunnskólans og þannig brúa það bil sem myndaðist á milli yngsta stigsins og unglingsstigs. Árið 2010 var reist ný bygging á lóðinni við Vífilstaði undir miðstig. Í anda lýðræðisstefnu Hjallastefnunnar kusu nemendur um nafn á skólanum og varð Vífilskóli fyrir valinu með 66% kosningu.

Árið 2006 hófst starfsemi ungbarnaleikskólans Ránargrundar, sem síðar varð leikskólinn Litlu Ásar sem nú er staðsettur í einu af gömlu starfsmannabústöðunum sem fylgdi Vífilstaðaspítala og árið 2017 var settur á laggimmar leikskólinn Hnoðraholt sem einnig stendur á landi við Vífilstaði.

Þannig hefur myndast fallegt skólasamfélag Hjallastefnuskóla í Garðabæ og í dag, árið 2024 eru nemendur í skólunum



Sturla Þorsteinsson

fjórum, Ásum, Litlu-Ásum, Hnoðraholti og Barnaskólanum, 390 talsins og starfsfólk Hjallastefnunnar í Garðabæ yfir 100, í ólíkum hlutverkum.

Hjallastefnan hluti af bæjarbragnum

Hjallastefnan og Garðabær hafa átt farsælt samstarf í árunna rás og var stuðningur sveitarfélagsins mikill þegar Barnaskólinn var settur á laggimmar og eins hefur Hjallastefnan hlaupið undir bagga þegar þörf hefur verið á að taka við fleiri börnum á leikskólaaldri. Í öllu samstarfi hafa hagsmunir barnafjölskyldna í Garðabæ verið leiðarljós og áhersla lögð á fjölbreytileika í skólastarfi, skólavali og sérstöðu.

Hin kærleiksmiðaða og skapandi lýðræðisstefna sem Hjallastefnan er hefur þannig verið hluti af skólavali barnafjölskyldna í Garðabæ hátt í aldarfjórðung og segja má með sanni að Hjallastefnan sé orðin hluti af bæjarbrag sveitarfélagsins. Starfsfólk Hjallastefnunnar hlakkar til að halda áfram að sinna mikilvægasta starfi sem hugsast getur, að umvefja börn kærleika og búa þeim veganesti inn í lífið.

Bóas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri fræðslu og fagstarfs Hjallastefnunnar
Sturla Þorsteinsson, kennari við Hjallastefnuna

Starri heiðraður fyrir 250 leiki

Föstudaginn 2. febrúar 2024 lék Starri Friðriksson sinn 250. keppnisleik fyrir Ungmennafélagið Stjörnuna þegar Garðabæingar mættu Gróttu á Seltjarnarnesi í Ólís deild karla. Starri skoraði fimm mörk í örguggum sex marka sigri Stjörnumanna sem þýðir að hann hefur skorað 793 mörk í 250 leikjum fyrir félagið. Starri var síðan heiðraður af þessu tilefni fyrir leik gegn KA í Mýrinni í gær.



Starri hefur æft handbolta með Stjörnunni frá blautu barnsbeini. Hann fæddist 13. desember 1994, ólst upp í Garðabæ og hóf mjög ungur að æfa handbolta. Hann lék alla yngri flokka með Stjörnunni og var fastamaður í yngri landsliðum Íslands.

Hann lék sinn fyrsta leik fyrir félagið á móti Fjölni árið 2011, þá aðeins 16 ára gamall, og vann sig fljótt í lykhillutverk í liði Stjörnumanna. Undanfarinn áratug hefur hann verið lykilmáður fyrir Stjörnuna bæði í vörn og sókn og oft verið markahæstur eða meðal markahæstu manna í lok leiktíðar. Á síðustu leiktíð skoraði hann 101 mark í 24 leikjum.

Einn besti slúttarinn í deildinni

„Starri hefur glatt augað með stórbrotnum afgreiðslum sínum úr hægra horninu og

þykir einn besti „slúttari“ í íslensku deildinni. Hann hefur reynst mörgum markmanninum erfiður ljár í þúfu enda er skotnýting hans framúrskarandi. Starri Friðriksson er klárlega einn besti hornamaður á Íslandi. Starri er sannur Stjörnumaður og fyrirmynd barna og ungmenna í bænum þar sem framganga hans og háttsemi er á öllum sviðum góð. Breytni hans er rétt og hann iðkar íþróttina ætíð heiðarlega,” segir m.a. í tilkynningu sem var lesin upp fyrir leikinn í gær.

Starri hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir framgöngu sína innan vallar sem utan en hann var tilnefndur til íþróttamanns Garðabæjar árið 2023.

Þess má geta að Starri gerði nýjan samning á dögnum við Stjörnuna og hefur framlengt til ársins 2026.

Allt sem þú vilt vita um friðlýsta fólkvanginn í Urriðakotshrauni

urridavatnsdalir.is



LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR

MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Porrastuð á Álftanesi





Vel heppnuð safnanótt í Garðabæ

Safnanótt var haldin á höfuðborgarsvæðinu föstudaginn 2. febrúar og þrátt fyrir gula viðörun og þar af leiðandi leiðindaveður var dagskrá á Bókasafni Garðabæjar og Hönnunarsafni Íslands vel sótt.

Dagskráin hófst með fjölskyldudagskrá 17-20 á bókasafninu þar sem Skólakór Sjálandsskóla söng undir stjórn Ólafs Schram. Óhætt er að segja að safnið hafi fyllst af glöðum gestum á öllum aldri enda sungu stúlkurnar í kórnum yndislega og lagavalið sérlega metnaðarfullt hjá kórstjóra. Að loknum söng skunduðu gestir yfir í svítuna þar sem bingó fór fram með skemmtilegum vinningum og mikil spenna í loftinu. Þegar bingói lauk tók við skapandi ritmiðja með grafiska hönnuðinum Unu Mariu Magnúsdóttur og það var gaman að fylgjast mjög sniðugum krökum vinna með bækur, blað og blýant. Sýning á málverkum Huldu Hraundal var svo opnuð á veggnum en sýningin er á vegum Grósku.

Gestir Hönnunarsafnsins létu veðrið heldur ekki stoppa sig enda sumarstemning á efri hæð safnsins þar sem veggplöntur Lilýjar Erlu Adamsdóttur skreyta nú veggina. Lilý hefur verið í vinnustofuvöl í safninu undanfarna mánuði og lauk dvölinni með því að mála nokkurskonar veggfóður frihendis á veggina á sýningunni Hönnunarsafnið sem heimili. Gestum til enn meiri yndisauka fluttu jazztónlistarmennirnir Birgir Steinn Theodórsson bassaleikari, Sölvi Kolbeinsson og Haukur Gröndal saxófónleikarar ásamt trommuleikaranum Magnúsi Tryggvasyni Eliassen tónlist á opnuninni. Gestir nutu þess einnig að skoða verk Einars Þorsteins í stúdíóinu hans og sýninguna Fallegustu bækur í heimi á Pallinum. Innflutningspartý fór svo fram í vinnustofu safnsins en gullsmíðurinn Marta Staworowska verður í vinnustofuvöl til 5. maí og mun vinna víravirki og gestir geta fylgst með henni að störfum. DJ-Kjörk, Björk Brynjarsdóttir, hélt uppi fjörinu í vinnustofunni á safnanótt og óhætt að segja gestir hafi farið glaðir út í storminn.

Ljósmyndirnar tók Sigga Ella



Bóel Hörn segir frá hönnun Einars Þorsteins



DJ Kjörk

Almar Guðmundsson



Gestum til enn meiri yndisauka fluttu jazztónlistarmennirnir Birgir Steinn Theodórsson bassaleikari, Sölvi Kolbeinsson og Haukur Gröndal saxófónleikarar ásamt trommuleikaranum Magnúsi Tryggvasyni Eliassen tónlist á opnuninni.



Gestir á spjalli



F.v. Vera Ragnarsdóttir stjórnarmeðlimur Hönnunarsafns, Sigríður Sigurjóns safnstjóri og Stella Stefánsdóttir formaður stjórnar Hönnunarsafns ásamt dóttur sinni Sonju Lind



Almar Guðmundsson, bæjarstjóri og Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi á spjalli



Gestir skoða víravirki Mörtu í vinnustofunni



Áhugaverðir gripir skoðaðir



Almar ásamt Lilý Erlu með veggplöntur hennar í baksýn



Marta Staworowska gullsmíður sem dvelur í vinnustofunni næstu 3 mánuði



Bóel Hörn og Ingriður afgreiðslustjóri stóðu vaktina á hátíðinni



Gestir létu veðrið ekki hafa áhrif á sig

Vefsíða Garðapóstsins kgp.is

Fylgdu okkur á: [Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)
[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur) - [Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



Þín heilsa - þín skemmtun

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni sem hófst formlega í gær

Lífshlaupið hófst í gær, 7. febrúar og eru bæjarbúar hvattir til að taka þátt og hreyfa sig, en Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurshópa.

Forsaga Lífshlaupsins er að árið 2005 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfshóp til þess að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu.

Starfshópurinn setti fram hugmyndir um mótun íþróttastefnu Íslands í skýrslunni, Íþróttavæðum Ísland, aukin þátttaka, breyttur lífsstíll.

Í skýrslunni er að finna leiðir fyrir alla hópa þjóðfélagsins, óháð aldri, búsetu, fjárhag eða öðrum þáttum til að stunda íþróttir og hreyfingu með einum eða öðrum hætti sér til heilsuþótar. Á sama tíma setti vinnuhópurinn af stað vinnu að vef sem ÍSí var afhentur haustið 2006. Síðan þá hefur almenningsíþróttasvið ÍSí, ásamt samstarfsaðilum, mótað verkefnið Lífshlaupið með það að markmiði að hvetja alla landsmenn til að hreyfa sig daglega.

Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu

Landskeppni
í hreyfingu
Lífshlaupið
7.-27. febrúar

Bæjarbúar eru hvattir til að taka þátt og hreyfa sig, en Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni sem höfðar til allra aldurshópa

og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, vinnu, í skóla og við val á ferðamáta. ÍSí styðst við ráðleggingar Embætti landlæknis um hreyfingu.

Vinnustaðir, skólar og hreystihópar 67+ eru hvattir til að taka þátt og nota þannig tækifærið til að efla líkama og sál með því að hreyfa sig daglega.

Lífshlaupið stendur fyrir:

Grunnskólakeppni fyrir 15 ára og yngri í tvær vikur í febrúar

Framhaldsskólakeppni fyrir 16 ára og eldri í tvær vikur í febrúar
Vinnustaðakeppni í þrjár vikur í febrúar
Hreystihópar 67+ í þrjár vikur í febrúar

Skrá má alla hreyfingu niður ef hún nær minnst 30 mínútum samtals á dag hjá fullorðnum og minnst 60 mínútum samtals á dag hjá börnum og unglingum. Tímanum má skipta upp í nokkur styttri tímabil yfir daginn s.s. 10 til 15 mín í senn.

Þín heilsa - Þín skemmtun

Reikna með að selja 80.000 bollur í IKEA!



„Bollusalan fer vel af stað,” segir Stefán R. Dagsson, framkvæmdastjóri IKEA, en hann reiknar með að seldar verði um 80 þúsund bollur á meðan sölunni stendur og alls um 10 þúsund bollur á bolludaginn sjálfan sem er mánudaginn, 12. febrúar.

Og Stefán reiknar með aukinni bollusölu í ár miðað við í fyrra. „Við gerum ráð fyrir meiri sölu í ár en í fyrra, við erum með 10 tegundir af bollum í sölu, hefðbundnar ásamt sælkerabollum og sænsku Semlabollunni,” segir hann.

Saltkjör og baunir á 995 kr.
Þá er spregidagurinn alltaf stór dagur í IKEA, en hann er á þriðjudaginn. „Við

reiknum með að selja um 1600 skammta af saltkjöt og baunum, en það er svipað magn og seldist í fyrra,” segir hann en skammturinn kostar aðeins 995 kr. með ábót á súpu.

Stefán tekur svo sjálfur fullan þátt á spregidaginn og afgreiðir viðskiptavini. „Við munum skipta með okkur vöktum á spregidag og allir taka þátt. Sjálfur verð ég part úr degi að afgreiða baunasúpuna,” segir hann en veislan hefst kl. 11 á spregidag.

Ekki má svo gleyma öskudeginum sem er á miðvikudaginn, 14. febrúar, en þá er góðgæti í boði fyrir börnin í anddyri IKEA.

Margt um að vera á bókasafninu í vetrarfríi grunnskólanna



Vetrarfrí grunnskólanna er framundan og verður þá margt um að vera í bókasafninu.

Vilborg Bjarkadóttir myndlistakennari mun leiða myndlistasmiðju þar sem þátttakendur fá að heiðra uppáhaldsbókaþersónurnar sína með því að skapa sínar eigin útgáfur af þekktum bókaþersónum sem ekki fela sig einungis á milli bókaþersóna heldur eru hluti af sjálfsmýndinni.

Bókasafn Garðabæjar býður grunnskólameimum einnig uppá skemmtilegan ratleik dagana 19.-23. febrúar þar sem áhersla er lögð á rökhusun og spæjara-hæfileika. Dregin verður út einn vinningshafi á hverjum degi.

Í vetrarfríinu eru börn og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin á bókasafnið þar sem öll geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hægt verður að spila, teikna og lesa en einnig mun bókasafnið bjóða þeim allra hörðustu uppátægjutvist, húlahringi, sippubönd og krítar úti á torginu. Brrr... um að gera að vera vel klædd.

Hægt er að fylgjast með frekari viðburðum, klúbbastarfi og smíðjum á vef, Insta og Facebook Bókasafns Garðabæjar.

Einnig stendur til boða að halda viðburði, leshringi eða aðra klúbba á safninu í samráði við starfsfólk. Ekki hika við að hafa samband í síma 5914550 og spyrja eftir viðburðastjóra eða forstöðumanni eða með tölvupósti bokasafn@gardabaer.is

VALENTÍNUSARDAGURINN 14.FEBRÚAR KONUDAGURINN 25.FEBRÚAR

ÁST Í POKA SEM HÆGT ER AÐ LOKA



Þú kaupir Essential Hair Care sjampó og næringu og færð LOVE body lotion eða sturtusápu með í kaupbæti

davines

ÞÚ FINNUR ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VÖURNAR OKKAR OG SÖLUSTADI Á WWW.BPRO.IS

Vefsíða Garðapóstsins www.kgp.is

Fylgdu okkur á:

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur) - [Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)



Landskeppni
í hreyfingu



Lífshlaupið

7.-27. febrúar

Hreyfing skiptir máli – tökum þátt í Lífshlaupinu og stuðlum að bættri heilsu fyrir okkur öll

VERTU MEÐ!

SKRÁÐU ÞIG Á
WWW.LIFSHLAUPID.IS



GARÐABÆR

Við leggjum metnað okkar í að veita faglega og umfram allt persónulega þjónustu.

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.

Garðatorgi 7 • 210 Garðabær
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is



Fjölbrautaskólinn
í Garðabæ



Skeiðarási 3 Garðabæ
www.rafbodi.is



GARÐABÆR
Þjónustumiðstöð



Rafport



GARÐABÆR
Íþróttamiðstöðvar



HYUNDAI

BYKO



GOLFKLÚBBURINN
ODDUR



DRÁTTARBÍLAR

Pungaflutningar • Verktakastarfsemi • Jarðvinna • Efnissala

Gríptu tækifærið

Bragðaðu á glænýjum tímabundnum
réttum á veitingastað IKEA.

Lasagna
með fersku salati og
hvítlauksbrauðbolli

1.495,-



Ýsa í orly
með frönskum, hrásalati
og remúlaði

1.395,-



Vegan-lasagna
með fersku salati og
hvítlauksbrauðbolli

1.295,-



Veitingastaðurinn er opin
11-19:30 alla daga
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

